



## Fundur háskólaráðs 14. desember 2006

### Fundargerð

Málsnúmer: HI06010052  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Margrét Ludvig  
Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 11.12.2006  
Dags: 14.12.2006

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

17/2006

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2006, fimmtudaginn 14. desember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13:00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir (varamaður Birnu Arnbjörnsdóttur), Reynir Jóhannesson (varamaður Ernu Kristínar Blöndal), Helgi Þorbergsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Matthías Páll Imsland, Ólafur Þ. Harðarson, Rúnar Vilhjálmsson, Sigurrós Eiðsdóttir og Þórdís Kristmundsdóttir. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og hún samþykkt.

### 1. Mál á dagskrá

#### 1.1 Tillaga að verklagsreglum um akademísk gestastörf, sbr. síðasta fund.

Inn á fundinn kom Jón Atli Benediktsson, formaður gæðanefndar, og gerði grein fyrir framlögðum verklagsreglum um akademísk gestastörf sem háskólaráð fól gæðanefnd að semja í kjölfar þess að tillögur nefndarinnar um fyrirkomulag akademískra gestastarfa voru samþykktar á háskólafundi 17. nóvember sl. og í háskólaráði 7. desember sl. Málið var rætt og svaraði Jón Atli framkomnum spurningum og athugasemdum.

- Samþykkt einróma.

#### 1.2 Fjárhagsáætlun Háskóla Íslands fyrir árið 2007.

Inn á fundinn komu þeir Tryggvi Þór Herbertsson, formaður fjármálanefndar, Sigurður J. Hafsteinsson, sviðsstjóri fjármálasviðs, og Gunnlaugur H. Jónsson, innri endurskoðandi Háskólans, og gerðu grein fyrir framlögðum tillögum fjármálanefndar um helstu forsendur og skiptingu fjárveitinga ársins 2007. Málið var rætt rækilega og svöruðu þeir Tryggvi Þór, Sigurður og Gunnlaugur framkomnum spurningum og athugasemdum. Að umræðu lokinni þakkaði rektor Tryggva Þór Herbertssyni, sem brátt mun hverfa til annarra starfa utan Háskólans, fyrir frábær störf í þágu Háskóla Íslands.

- Samþykkt einróma.

### 2. Erindi til háskólaráðs

#### 2.1 Stjórnir, nefndir og ráð:

a. Skipan tveggja fulltrúa Háskóla Íslands í samstarfsnefnd um málefni samnings Háskóla Íslands og Landlæknisembættisins um kennslu og

**rannsóknir í lýðheilsufræðum og öðrum heilbrigðisvísindagreinum, dags. 12. október 2006.**

Rektor kynnti málið.

- Samþykkt einróma að Haraldur Briem, dósent í læknadeild, og Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í hjúkrunarfræðideild, verði fulltrúar Háskóla Íslands í samstarfsnefnd Háskóla Íslands og Landlæknisembættisins. Skipunin er til þriggja ára.

**b. Skipan þriggja fulltrúa Háskóla Íslands í samstarfsnefnd um málefni samnings Háskóla Íslands og Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins um kennslu og rannsóknir, dags. 21. nóvember 2006.**

Rektor kynnti málið.

- Samþykkt einróma að Ásgeir Haraldsson, prófessor í barnalækningum, Zulima Gabriela Sigurðardóttir, dósent í sálfræði, og Steinunn Hrafnisdóttir, lektor í félagsráðgjöf, verði fulltrúar Háskóla Íslands í samstarfsnefnd Háskóla Íslands og Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Varamaður verður Hanna Björg Sigurjónsdóttir, lektor í fötlunarfræði. Skipunin er til þriggja ára.

**2.2 Erindi nemanda vegna synjunar deildarráðs hjúkrunarfræðideildar á beiðni um undanþágu til að hefja nám á 3. ári, sbr. síðasta fund.**

Helgi Þorbergsson, fulltrúi raunvísindasviðs, gerði f.h. starfshóps háskólaráðs grein fyrir tillögu starfshópsins að afgreiðslu háskólaráðs á beiðni nemanda í hjúkrunarfræðideild um að háskólaráð endurskoði ákvörðun deildarráðs hjúkrunarfræðideildar um synjun á beiðni um undanþágu til að halda áfram námi á þriðja námsári við deildina, sbr. síðasta fund. Málið var rætt ítarlega.

- Samþykkt samhljóða að styðja tillögu starfshóps háskólaráðs um að staðfesta ákvörðun hjúkrunarfræðideildar í málinu. Fulltrúi Félags prófessora og Félags háskólakennara, sem jafnframt er prófessor í hjúkrunarfræðideild, tók ekki þátt í atkvæðagreiðslu og annar fulltrúi stúdenta sat hjá við afgreiðslu málsins.

**2.3 Tilnefning nýs fulltrúa í fjármálanefnd háskólaráðs og ákvörðun rektors um formann nefndarinnar.**

Rektor gerði grein fyrir málinu. Eins og fram hafði komið á fundinum mun Tryggvi Þór Herbertsson, formaður fjármálanefndar, senn hverfa til starfa utan Háskólans og hefur hann því óskað eftir að hætta sem formaður fjármálanefndar. Lagði rektor til að Guðmundur R. Jónsson, prófessor í verkfræðideild og sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs, verði nýr fulltrúi í nefndinni og jafnframt formaður hennar. Fyrir fundinum lá ferilskrá Guðmundar.

- Samþykkt einróma.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 14.50.